



ÚTIVIST

Reykjavík, 26. febrúar 2024

Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis

Eftirfarandi umsögn við mál 96: Endurnýjun vegarins yfir Kjöl í einkaframkvæmd voru samþykktar á stjórnarfundum Ferðafélagsins Útivistar 26. febrúar 2024.

Ferðafélagið Útivist leggur áherslu á að Hálandi Íslands er ein verðmætasta auðlind þjóðarinnar og að miklu leyti í hennar eigu sem þjóðlendur. Óbyggð víðerni þar sem ummerkja mannsins gætir lítið sem ekkert er einkenni þessa svæðis og kjarninn í mikilvægi þess. Á sama tíma er mikilvægt að gera fólki kleift að upplifa þessa náttúru en í sátt við hana og með sem minnstri röskun. Það þarf vegasamgöngur til að komast inn á fáfarin svæði en þessar vegasamgöngur vinna í eðli sínu gegn kyrrðinni og ósnertri náttúru. Það verður ekki komist hjá þessari þversögn en þeim mun mikilvægara er að finna réttar lausnir.

Í þingsályktuninni og greinargerð hennar er lagt til að Kjalvegur verði uppbyggður og malbikaður. Félagið telur stofnbrautir með uppbyggðum vegum og bundnu slitlagi hafi umtalsverð og óundurkræf áhrif á víðerni og upplifun af óbyggðum. Náttúruvernd og náttúruupplifun felst að hluta í seinförnum vegum og hægri umferð. Uppbyggð stofnbraut um Kjöl sem tengir saman stóra hluta landsins mundi gjörbylta óbyggðaupplifun manna og að sumu leyti eyðileggja það sem á að vera tilgangurinn, að leyfa fleirum að upplifa. Hálandisvegir ættu þannig að vera fyrir þá sem vilja njóta hálandisins en ekki vera til að skjótast milli landshluta. Félagið lítur svo á að á þessum vegi og öðrum leiðum um hálandið sé svo rétt að fara í miklu hóflegri aðgerðir til vegabóta og áhersla lögð á hægari umferð með takmörkunum á hraða og gerð vegar. Sómasamlegu viðhaldi slíks vegar væri hægt að sinna með brotabroti af þeim upphæðum sem mikil uppbygging hans kostar.

Í ályktuninni er gert ráð fyrir að um einkaframkvæmd væri að ræða sem greidd yrði upp með notendagjöldum. Slík aðferðafræði getur vissulega átt rétt á sér á fjölförnum slóðum þar sem möguleiki er á mismunandi leiðum með mismörgum ferðatíma. Þetta á alls ekki við um veginn um Kjöl. Hann er og verður eina stofnleiðin inn á stóran hluta hálandisins og með notendagjöldum væri verið að gera ferðir um hálandið umhverfis hann gjaldskyldar þar sem gjöld renna til einkaaðila. Slíkt er að mati félagsins algjörlega óásættanlegar hömlur á aðgengi að náttúruperlum og þvert gegn almannahagsmunum.

Hálandið er einstök auðlind og verðmæti fyrir komandi kynslóðir. Þar ber í öllu að fara að hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Ferðafélagið Útivist vonar að markaðs- og atvinnuvæðingu hálandisins verði haldið í skefjum og almenningur fái áfram notið óspilltrar náttúru og víðerna. Hálandið er viðkvæmasti hluti landsins og of stór og vanhugsuð skref svo sem mikil uppbygging vega geta skemmt út frá sér um alla framtíð rétt eins og fótspor í mosa sjást um áráðir og verða stundum aldrei bætt.

E.H. Ferðafélagsins Útivistar,

Hörður Magnússon
Framkvæmdastjóri